

Fréttir – Heimspekitorg: 21. **Fréttabréf heimspekikennara komið út**

Í [nýju Fréttabréfi heimspekikennara](#) er m.a. sagt frá hugmyndabönkum fyrir heimspekilega þenkjandi kennara og birtar æfingar úr Verkefnabanka Heimspekitorgsins.


Í Fréttabréfi heimspekikennara birtast fréttir af starfsemi félagsins og ýmsu öðru sem tengist því sem félagsmenn fást við.

Hér má skoða [eldri tölublöð fréttabréfsins](#).

Fréttir – Heimspekitorg: Vel **heppnað námskeið um beitingu** **heimspekinnar í** **samfélagsfræði- og** **íslenskukennslu**

Félag heimspekikennara stóð fyrir námskeiðinu Að beita aðferðum heimspekinnar í samfélagsfræði- og íslenskukennslu þriðjudaginn 20. ágúst s.l. Fjallað var um hvernig heimspekin getur lagt til ákveðnar aðferðir við að fást við hin ýmsu viðfangsefni sem íslensku – og samfélagsgreinakennarar fást við. Gagnlegar æfingar, verkefni og ýmis viðfangsefni voru kynnt sem kennarar geta nýtt sér í kennslustundum.

Áhersla var lögð
á að skoða hvernig vinna megi með spurningar, fullyrðingar,
hugtakagreiningu,
skoðanamyndun, rök og samræður svo fáein dæmi séu nefnd.
Þátttakendur fengu
einnig að spreyta sig á nokkrum vel völdum verkefnum.



Kennari á námskeiðinu var Jóhann Björnsson grunnskólakennari og doktorsnemi í heimspeki menntunar.

Fréttir – Heimspekitorg:

Dialogos-vinnustofa


Félag heimspekikennara auglýsir námskeið helgina 13.–15. september 2019

Leiðbeinendur:

Guro Hansen Helskog
Michael Noah Weiss

Í þriggja daga vinnustofu munu Guro og Michael leiða samræður um heimspekilegar spurningar sem snerta okkur persónulega. Þau munu kynna mismunandi aðferðir til að nálgast viðfangsefnin.

Námskeiðið nýtist kennurum sem vilja innleiða samræðu í kennslustofunni. Samræða eflir sjálfstraust, æfir tjáningu og stuðlar að lýðræðislegum skóla. Aðferðirnar sem kynntar eru í vinnustofunni nýtast þó alls staðar þar sem hópar koma saman, hvort sem það er í fjölskyldu, atvinnulífi eða félagasamtökum.



Guro er dósent við Universitetet i Sørøst-Norge (USN). Hún hefur langa reynslu af iðkun heimspekilegrar samræðu og er höfundur bókarinnar *Philosophising the Dialogos Way towards Wisdom in Education* gefin út af Routledge 2019.

Michael er dósent við sama háskóla. Hann hefur þróað hugleiðsluaðferð sem hann kallar *guided imagery*.

Svona lýsir Guro nálgun sinni:

„Dialogos-vinnustofa eða dialogos-samræður þýðir að við fáumst við heimspekilegar hugmyndir og hugtök bæði út frá reynslu og út frá röklegum, tilfinningalegum, tilvistarlegum og andlegum forsendum. Þungamiðja aðferðarinnar er sameiginleg rannsókn á fyrirbærum í lífslistinni. Meðal æfinga sem við gerum má nefna sókratíska samræðu, hugleiðslu, rök með og móti, heimspekilegar gönguferðir, æfingar um líkama og huga sem og samræður sem ganga út frá texta og tilfinningum. Dialogos stendur fyrir uppeldislega og heimspekilega vinnu sem miðar að því að næra innra líf okkar og tengsl við aðra með því að leita í sameiningu að visku eftir mismunandi leiðum.“

Námskeiðið fer fram á ensku.

Staður:

Réttarholtsskóli

Tími: 13.–15. september (föstudagur kl. 17–20, laugardagur kl. 9–12 og 13–15, sunnudagur 11–14)

Þátttaka

tilkynnist í tölvupósti á heimspekikennarar@gmail.com

Þátttaka

er staðfest með því að greiða námskeiðgjaldið:

kt. 671296-3549

rn. 140-26-000584

Fréttir – Heimspekitorg: Að beita aðferðum heimspekinnar í samfélagsfræði – og íslenskukennslu

Langar þig stundum til þess að breyta til og brjóta upp kennslustundirnar? Langar þig til þess að efla skapandi og gagnrýna hugsun í því fagi sem þú kennir? Langar þig til að hvetja nemendur þína til að rökræða námsefnið? Viltu næra undrun nemenda þinna?

Félag heimspekikennara heldur námskeið um það hvernig nota megi aðferðir heimspekinnar í kennslustundum í íslensku og samfélagsfræði.

Leiðirnar sem kynntar verða eru auðveldar í framkvæmd og tilvaldar til þess að auka fjölbreytnina í skólastarfi og geta þær tekið þann tíma sem hver kennari vill.

Þótt fyrst og fremst sé horft til kennara í íslensku og samfélagsgreinum eru allir kennarar velkomnir enda má yfirfæra viðfangsefni námskeiðiðins yfir á fleiri greinar en íslensku og samfélagsfræði.

Staður og tími: Réttarholtsskóli við Réttarholtsveg, þriðjudaginn 20. ágúst kl. 09.00-12.00.

Kennari: Jóhann Björnsson kennari við Réttarholtskóla og doktorsnemi í heimspeki með börnum og unglungum

Páttökugjald: 5.000 kr.

Pátttaka tilkynnist til Jóhanns Björnssonar, í tölvupósti á johannbjo@gmail.com

Pátttaka er staðfest með því að greiða námskeiðgjaldið:

kt. 671296-3549

rn. 140-26-000584

Félag heimspekikennara er fagfélag kennara á öllum skólastigum. Það vinnur að ýmsum verkefnum með það fyrir augum að efla heimspekikennslu á öllum skólastigum. Sjá nánar um félagið , tilgang þess og sögu, á eftirfarandi [upplýsingasíðu](#).

@Menntamidja: skyggst inn í skólastarf



[Follow @Menntamidja](#)

Á mánudaginn 5. febrúar ætlar Menntamiðja að hleypa af stað

nýju verkefni sem er ætlað að vekja athygli á áhugaverðu og framsæknu skólastarfi í íslenskum skólum og stuðla að því að kennarar deili og nýti þá miklu reynslu og þekkingu sem býr í íslensku skólasamfélagi.

Verkefnið fer fram á samfélagsmiðlinum Twitter undir notandanafninu [@Menntamidja](#) og er þannig að í hverri viku fær einn skóli aðgang að aðgangi [@Menntamidju](#) og notar hann til að tísta myndum og frásögnum af áhugaverðu og framsæknu skólastarfi á sínum heimaslóðum. Fyrstur skóla verður [Hólabrekkuskóli](#) en þar hefur margt áhugavert verið í vinnslu með uppbyggingu Snillismiðju og þróun kennsluhátta í tengslum við það.

Áhugasamir geta fylgst með með því að fylgja notandanum [@Menntamidja](#) á Twitter. Einnig er hægt að fylgjast með tístum á [vef Menntamiðju](#): <http://menntamidja.is/menntamidja-skyggst-inn-i-skolastarf/>

Þeir sem hafa áhuga á að tísta frá sínum skólum í framtíðinni geta haft samband við verkefnisstjóra Menntamiðju, Tryggva Thayer (tbt@hi.is).

Tíst hvers skóla verða flokkuð og hýst undir „Skólasögum“ hér á vef Menntamiðju.

Læsi í stærðfræði – PISA 2015 – Upptaka

[Hér](#) má nálgast upptöku frá fyrirlestri um niðurstöður PISA-rannsóknarinnar um læsi á stærðfræði (16. febrúar 2017)

[..Lesað meira](#)

Uppruni:

<http://staetorg.menntamidja.is/2017/02/21/laesi-i-staerdfraedi-pisa-2015-upptaka/>

Ný tæknipróunarspá fyrir norræna skóla



[Í dag kom út ný tæknipróunarspá fyrir skóla á Norðurlöndum.](#) Það er New Media Consortium (NMC) sem gefur spánna út en NMC gefur reglulega út slíkar spár fyrir mismunandi skólastig og mismunandi landssvæði heims. Þetta er fyrsta spáin sem kemur út fyrir skóla á Norðurlöndum.

Í skýrslunni er fjallað um tæknibreytingar sem talið er að munu hafa veruleg áhrif á skóla næsta árið, næstu 2-3 ár og næstu 4-5 ár. Einnig er rýnt í möguleg áhrif þessara tæknibreytinga til lengri tíma og hvernig skólar geti tekist á við þær.

Í sérfræðiteyminu sem tók þátt í verkefninu eru sérfræðingar í upplýsingatækni og [..Lesað meira](#)

Uppruni:

<http://framtidatorg.menntamidja.is/ny-taeknithrounarspa-fyrir-norraena-skola/>

Vordagskrá 2017

Meðfylgjandi er skjal með upplýsingum fyrir stærðfræðikennara og áhugafólk um stærðfræði. Það er tekið saman og auglýst í samstarfi **Rannsóknarstofu um stærðfræðimenntun og Flöt**, samtök stærðfræðikennara.

[Vordagskrá 2017](#)

[..Lesið meira](#)

Uppruni:

<http://staetorg.menntamidja.is/2017/01/24/vordagskra-2017/>

Pangea stærðfræðikeppni fyrir 8. og 9. bekk

Pangea er einstaklingskeppni í stærðfræði fyrir nemendur í 8. og 9. bekk. Hún er nú haldin á Íslandi í annað skipti. Keppnin skiptist í þrennt en fyrstu tvær umferðirnar fara fram í grunnskólunum sjálfum. Við sendum krossapróf sem kennarar leggja fyrir nemendur sína. Mismörg stig eru gefin fyrir hverja spurningu og ekki dregið niður fyrir röng svör. Spurningarnar eru miskrefjandi og er markmiðið að allir geti glímt við dæmi við sitt hæfi.

U.þ.b. helmingur þátttakenda kemst áfram í 2. umferð sem fer fram á sama hátt og sú fyrsta. Loks komast þeir efstu úr hvorum árgangi áfram í úrslitin sem fara [..Lesið meira](#)

Uppruni:

<http://staetorg.menntamidja.is/2017/01/15/pangea-staerdfraedik-eppni-fyrir-8-og-9-bekk/>

Hvaða gagn er af framtíðafræðum?



Saga um hvernig framtíðarsýn eins manns sem fæstir þekkja gjörbreytti heiminum.

Það er nefnilega svo að í vissum skilningi mætti segja að vefurinn var fundinn upp 1945 en það tók 44 ár að búa hann til...

Oft er sagt að framtíðin sé óráðin og það eru vissulega orð að sönnu. Eins og framtíðafræðingurinn [John Moravec](#) orðaði það eitt sinn við mig „Við getum ekki vitað um framtíðina því engin okkar hefur komið þangað.“ Það er því ekki að furða að mörgum finnist skjóta skökku við að til skuli vera fræðigrein sem er titluð framtíðafræði. Hvað gera sérfræðingar, framtíðafræðingar í þessu tilviki, [„Lesið meira](#)

Uppruni:

<http://framtidatorg.menntamidja.is/hvada-gagn-er-af-framtidafr-aedum/>